

Mánudaginn 9. apríl. 1973.

Nr. 49/1973: A/S Bogforlaget Dana, Odense,
 gegn
 Steinunni Runólfsdóttur

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962. Kæran var afhent héraðsdómara innan lögbodins kærufrests. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 23. marz 1973. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 2. marz 1973, verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerðir né kröfur.

Samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 3 kemur skýrt fram, að stefnda undirritaði pöntun að bókum þeim, sem málið fjallar um. Er því eigi um aðildarskort að tefla, sem raunar leiðir til sýknu, sbr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1973, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. febrúar s.l., af A/S Bogforlaget Dana, Óðinsvéum, Danmörku, gegn Steinunni Runólfsdóttur, Heið-

mörk 29, Hveragerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4.940.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá birtingu stefnu til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til orðna, að hinn 16. júlí 1969 hafi stefnda gert samning við útgáfufyrirtækið „Dana“ um kaup á 5 bindum af fréttamyndabókinni „Aarets störste begivenheder i billeder“, en það hafi verið bindi 1963, 1968, 1969, 1970 og 1971. Sölumaður hafi skrifað nafn eiginmanns stefndu, Ingólfs Pálssonar, neðst til vinstri á samningseyðublað og hafi það verið gert til hagræðis í sambandi við póstsendingar. Stefndu hafi í september 1969 verið send bók 1963 í póstkrofu, en sú krafa hafi ekki verið innleyst. Síðan hafi útgáfufyrirtækið sent stefndu 3 greiðsluáskoranir og enn fremur hafi henni verið sent innheimtubréf frá lögmanni. Söluverð hvernar bókar hafi verið ákveðið kr. 880.00, eða alls 5 bækur kr. 4.440.00 að viðbættum söluskatti sem reiknist kr. 500.00, eða samtals kr. 4.940.00 og sé það stefnufjárhæðin.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Grundvöllur málshöfðunar þessarar er ljósrit á dskj. nr. 3 af kaupsamningi. Eins og í stefnu greinir og að ofan er rakið, hefur sölumaður bókanna skrifað nafn eiginmanns stefndu, „Ingólfur Pálsson“, í neðra vinstra horn þessa samnings. Í horni þessu stendur skýrum stöfum: „Repræsentanten skriver her köberens navn með BLOK-STAVER“. Af þessum samningi verður þannig ekki séð, hver er hinn raunverulegi kaupandi bóka þessara, þótt stefnda hafi skrifað undir samninginn, enda er staða hennar tilgreind „Rafv.meistari“, og eru útskýringar lögmanns stefnanda eigi fullnægjandi. Ber því að vísa máli þessu frá dómi að sjálfsdádómum.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdádómum vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.